

Ákærði hefur fallist á kröfu þessa, og þykir mega taka hana til greina.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 7 mánuði.

Ákærði skal frá 9. september 1976 að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði Viggó Guðmundssyni, Gyðufelli 14, Reykjavík, kr. 2.000.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1981.

Nr. 161/1980. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Helga Bjarnasyni

(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Fjársvik. Þjófnaður. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjað er tveim dómum, öðrum uppkveðnum í sakadómi Reykjavíkur 18. febrúar 1980, en hinum uppkveðnum í sakadómi Hafnarfjarðar 13. mars s. á. Þann dóm kvað upp Guðmundur L. Jóhannesson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði. Brot þau, er síðari dómurinn fjallar um, eru framin, áður en dómur í fyrra málinu var kveðinn upp. Hafa málin því verið sameinuð í Hæstarétti.

Báðum er dómunum skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Er þess aðallega krafist af hálfu ákæruvalds, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákærum og refsing hans þyngd, en til vara, að ákærði verði sakfelldur fyrir fjárdrátt samkvæmt 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fyrir atferli það, sem um ræðir í II. lið ákæru 22. janúar 1980, sbr. áðurnefndan dóm sakadóms Reykjavíkur.

Verður undir I hér á eftir fjallað um ákæruatriði þau, er dæmd voru í sakadómi Hafnarfjarðar, en undir II um ákæruatriði þau, er dæmd voru í sakadómi Reykjavíkur.

I.

Ákæra 28. mars 1979.

Sakargiftum er lýst í hinum áfrýjaða dómi og málsatvik rakin. Hefur ákærði viðurkennt að hafa framið brot þau, sem honum eru hér gefin að sök. Í ákæru hefur misritast verðmæti bóka þeirra, sem ákærði sveik út hjá bókaforlaginu Iðunni, 63.800 krónur í stað 63.300, og ber að miða verðmæti andlags þessa brots við lægri fjárhæðina.

Varða brot þessi við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra 22. janúar 1980.

a) Sannað er með játningu ákærða og framburði Unnar Kristjánsdóttur, að ákærði hafi ófrjálsri hendi tekið 15 bækur og eina lengju af vindlingum í íbúð hennar, svo sem nánar er greint frá í dómi sakadóms Reykjavíkur.

Varðar þetta atferli ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

b) Staðfesta ber úrlausn sakadóms Reykjavíkur um sýknu af síðara ákæruatriði í ákæruskjali þessu.

III.

Refsing. Skaðabætur. Sakarkostnaður.

Refsingu ákærða ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuðir.

Staðfesta ber ákvæði dóms sakadóms Hafnarfjarðar 3.

mars 1980 um greiðslu skaðabóta til bókaforlagsins Iðunnar, þó þannig samkvæmt málflutningi af hálfu ákærvalds, að ársvextir verða 19% frá 13. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% frá þeim degi til 1. september 1979, 27% frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% frá þeim degi til greiðsludags.

Einnig ber að staðfesta ákvæði sama dóms um greiðslu skaðabóta til Lilju Guðmundsdóttur vegna söluturnsins Sólvallagötu 74 í Reykjavík og svo ákvæði dóms sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1980 um greiðslu skaðabóta til Unnar Kristjánsdóttur, Kárastíg 4, og Braga Kristjónssonar, Laufásvegi 54, beggja hér í borg.

Þá ber að staðfesta ákvæði beggja dómanna um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur (nýkr.), og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.800.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði greiði bókaforlaginu Iðunni 633.00 krónur ásamt 19% ársvöxtum frá 13. júní 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði Lilju Guðmundsdóttur vegna söluturnsins Sólvallagötu 74, Reykjavík, 175.90 krónur, Unni Kristjánsdóttur, 271.70 krónur og Braga Kristjónssyni 230.00 krónur.

Ákvæði dóms sakadóms Hafnarfjarðar 3. mars 1980 og sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1980 um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 1.800.00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars

Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 1.800.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. febrúar 1980.

Ár 1980, mánudaginn 18. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 81/1980: Ákærvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 22. f. m., gegn Jóni Helga Bjarnasyni verkamanni, Skarðshlíð 34 E, Akureyri, fæddum 16. janúar 1951, Akureyri, „fyrir eftirtalda þjófnaði í októbermánuði 1979 í Reykjavík:

I. Með því að hafa, fimmtudaginn 4., stolið 15 bókum og vindlingalengju úr íbúð Unnar Kristjánsdóttur að Kárastíg 10.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Með því að hafa, laugardaginn 20., stolið 10.000 kr. úr bifreiðinni R 59433 við Ármúla 28.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Í máli þessu krefst Unnur Kristjánsdóttir, Kárastíg 10, þess, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 27.170 kr., og Bragi Kristjónsson, Laufásvegi 54, krefst bóta að fjárhæð 23.000 kr.

1) Miðvikudagskvöldið 4. okt. f. á. fór ákærði af skemmtistaðnum Óðali ásamt öðrum manni heim til Unnar Kristjánsdóttur, Kárastíg 10. Ákærði fékk að gista í íbúð Unnar um nóttina, og varð hann eftir í íbúðinni, er Unnur fór til vinnu. Síðdegis, er Unnur kom heim, var ákærði þar enn, og hafði hann tekið nokkuð af bókum frá Unni að ófrjálsum og selt þær í fornþekktum versluninni Bókavörðunni og eytt peningunum. Var hér um að ræða 8 ritverk eftir Halldór Laxness (þar af Heimsljós í 2 bindum) og Disneyrímur Þórarins Eldjárn. Fram er komið, að ákærði seldi bækur í versluninni þennan dag í tvennu lagi fyrir samtals 23.000 kr.

Til skila komust bækur þær, sem Unnur saknaði, að undanskildum Heimsljósi og Disneyrímunum.

Auk þeirra bóka, sem nú hefur verið um rætt, sést af gögnum

málsins, að forn bókasalinn afhenti eftirtaldar bækur, sem hann kvaðst hafa keypt af ákærða þennan dag: Atómstöðin, Gerpla, Dagleið á fjöllum, Salka Valka, Vefarinn mikli, Íslandsklukkan (3 bd.) og Vítt sé ég land og fagurt (Guðm. Kamban) (2 bd.). Þessar bækur kannaðist Unnur ekkert við og kvað ekki vera frá sér komnar, en ákærði heldur því fram, að allar bækur, sem hann seldi þennan dag, hafi hann tekið í íbúð Unnar. Er það hulið, hvernig þessum bókum er varið.

Ákærði hefur einnig kannast við, að hann hafi tekið að ófrjálsu karton af sigarettum í íbúð Unnar og slegið eign sinni á það.

2.) Laugardaginn 20. október f. á. kærði Sigfús Sverrisson, þá Hverfisgötu 34, til lögreglunnar yfir því, að ákærði hefði þann dag stolið frá honum 10.000 kr. Kvaðst Sigfús hafa verið við Hótel Borg og verið með bíl og ákærði þá komið að máli við sig og beðið sig að aka með sig bæjarleið. Sigfús kvaðst hafa tekið ákærða í bílinn og ekið fyrst inn í Ármúla, en þar hefði hann þurft að skreppa inn í hús og ákærði orðið eftir í bílnum á meðan. Þegar hann kom út aftur, hefði ákærði verið horfinn og í ljós hafi komið, að hann hafði farið í hanskahólf í bílnum og tekið með sér 10.000 kr., sem þar hefðu verið.

Ákærði var yfirheyrður á Akureyri fyrir lögreglu 30. nóv. og játaði strax, að hann hefði slegið eign sinni á 10.000 kr., sem Sigfús átti, en greindi öðruvísi frá atvikum. Hann kvað Sigfús hafa fengið sér í hendur 10.000 kr. og beðið sig að kaupa fyrir sig tæki í bílinn. Þetta kveðst ákærði hafa tekið að sér og farið af stað með peningana, meðan Sigfús brá sér á júðóáfingu. Hins vegar hafi farið svo, að hann hafi leiðst út í að kaupa áfengi fyrir peningana í stað þess að kaupa tækið.

Við meðferð máls þessa heldur ákærði fast við þessa skýrslu. Hann hafi að vísu dregið sér umrædda fjárhæð, en ekki tekið hana sjálfur í vörslur sínar með leynd.

Ekki hefur tekist að ná til nefnds Sigfúsar til þess að bera vitni í málinu, og hefur ekki verið talið fært að fresta málinu lengur í því skyni.

Niðurstöður.

Sannað er, að ákærði hefur framið þjófnaðarbrott það, sem greint er í ákærulið I, og unnið til refsingar skv. 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ekki þykir vera sannað gegn framburði ákærða, að hann hafi tekið peninga að ófrjálsu úr bifreið Sigfúsar Sverrissonar, og verður því að sýkna ákærða af II. lið ákæru, enda þykir 118. gr.

laga 74/1974 ekki veita heimild til þess að dæma ákærða fyrir fjádrátt þann, er hann hefur játað á sig. Heimild 118. gr. miðast við, að verknaðarlýsing ákæru sé rétt.

Um fyrri refsingu ákærða er þetta að segja:

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði tvívegis verið áminntur 1966 fyrir skjalafals. Hann hefur 1972 verið sektaður með dómsátt um 2.000 kr. sekt fyrir svikabrot. Hann var síðan dæmdur 1975 í 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað og ölvun við bifreiðarstjórn og árið 1977 verið dæmdur í 7 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, svik og ölvun við akstur.

Refsing ákærða verður ákveðin 60 daga fangelsi.

Skaðabótakröfurnar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði Unni Kristjánsdóttur 27.170 kr. og Braga Kristjónssyni 23.000 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 13. mars 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 640/1979: Ákærvaldið gegn Jóni Helga Bjarnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. febrúar 1980, er með ákæru-skjali ríkissaksóknara, dags. 28. mars 1979, höfðað gegn Jóni Helga Bjarnasyni, Háukinn 5, Hafnarfirði, sem nú er til heimilis að Skarðshlíð 34 E, Akureyri, fyrir fjársvik samkvæmt 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að svíkja út þann 13. júní 1978 samtals 17 bækur og 2 áspilaðar kassettur hjá bókaforlaginu Iðunni, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, að verðmæti samtals kr. 63.300, og vísa í því sambandi á laun sín hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur án þess að vera ráðinn hjá því fyrirtæki eða eiga nokkuð þar inni. Enn fremur fyrir að svíkja út þann 2. og 3. september 1978 vörur fyrir samtals kr. 17.590 hjá söluturninum Sólvallagötu 74, Reykjavík, með því að segjast vera starfsmaður hjá fyrrnefndu bókaforlagi og fá vörurnar út á það.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 16. janúar 1951 á Akureyri, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1969 28/9 Hafnarfirði: Dómur: Sýknaður af meintum brotum gegn 202. gr., sbr. 200. gr., 1. mgr., hegningarlaga og 45. gr. og 46. gr., 1. mgr., laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna.
- 1972 4/1 Hafnarfirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.
- 1975 19/4 Hafnarfirði: Sátt, 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 244. og 248. gr., sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga og 4. gr., 18. gr., 2. mgr., 26. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1975 19/4 Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. alm. hegningarlaga, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 1 ár frá 19/4 1975.
- 1975 4/5 Hafnarfirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21., sbr. 44. gr. áfengislaga.
- 1977 6/10 Hafnarfirði: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 244., 247. gr. hegningarlaga, 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá 9/9 1976.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af refsikröfum ákæruvaldsins, en til vara, að hann verði dæmdur til vægustu refsingar, sem yrði skilorðsbundin. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs.

Málavextir eru samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

I.

Þriðjudaginn 13. júní 1978 kom ákærði í bókaforlagið Iðunn, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, og hafði tal af Jóhanni Páli Valdimarssyni, forstjóra þess, sem hann kvaðst kannast við, og vildi fá þar keyptar vörur gegn greiðslu síðar.

Ákærði hafði þá verið atvinnulaus um tíma og var orðinn peningalaus. Hann greindi Jóhanni Páli frá því, að hann hefði ekki handbæra peninga, en tjáði honum jafnframt, að hann mundi fá peninga nokkru síðar, þar eð hann ætti laun inni hjá Bæjarútgerð

Reykjavíkur, sem hann ætti að fá útborguð 16. júní á eftir, og með þeim ætlaði hann að greiða væntanlega vöruúttekt. Þá tjáði ákærði Jóhanni Páli, að faðir hans ætti um þessar mundir afmæli, og langaði hann til að gefa honum í þessu tilefni ýmsar bækur um þjóðlegan fróðleik, sem hann lofaði greiðslu á síðar, svo sem fyrr getur. Á þessum forsendum féllst Páll á, að ákærði fengi að taka út 7 bækur að fjárhæð kr. 31.500. Síðar þennan sama dag hafði ákærði enn samband við Jóhann Pál í síma og óskaði eftir að fá að taka út nokkrar bækur hjá forlaginu með sama hætti, sem hann ætlaði að gefa móður sinni, en þeirri málaleitan var hafnað. Ákærði kom þá enn sama dag í bókaforlagið og lagði þar erindi sitt fyrir Ásgeir Má Valdimarsson og sagðist hafa hug á að eignast nokkrar bækur eftir Allistair MacLean og Hammond Innes og auk þess tvær áspilaðar kassettur. Hann greindi Ásgeiri frá því, að hann hefði ekki handbæra peninga, en hélt því fram við hann sem Jóhann Pál, að hann ætti inni laun hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur og mundi hann greiða úttektina nokkrum dögum síðar, og ef hann yrði kominn út á sjó á vegum Bæjarútgerðarinnar, sagðist hann hafa gert ráðstafanir til, að reikningurinn vegna úttektarinnar yrði greiddur af bæjarútgerðinni. Jafnframt vísaði hann til fyrri úttektar um það, að hann hefði verið í reikningsviðskiptum hjá bókaforlaginu. Á þessum forsendum var samþykkt, að ákærði fengi að taka út 10 bækur og 2 kassettur, allt að fjárhæð kr. 31.800.

Ákærði kom enn á forlagið næsta dag og reyndi að fá bækur út á lánskjörum, en málaleitan hans var þá hafnað.

Skuld ákærða vegna framangreindra viðskipta, að fjárhæð kr. 63.300, var ekki greidd föstudaginn á eftir, svo sem ákærði hafði lofað, og er athugað var með að fá hana greidda hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, var þar ekki við það kannast, að nein loforð hefðu verið gefin af bæjarútgerðinni um, að skuldin yrði greidd fyrir ákærða, né að hann væri þar starfandi.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi engin laun átt inni hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur, er viðskiptin áttu sér stað, og einnig hafi verið uppspuni, að hann hafi ætlað að gera ráðstafanir til, að reikningur hans við forlagið yrði greiddur af bæjarútgerðinni, en hann hefði hins vegar gert ráð fyrir að fá pláss á togaranum Snorra Sturlusyni, Reykjavík. Ákærði laug þessu til að fá því til leiðar komið, að honum yrðu afhentar bækurnar án greiðslu, en þær ætlaði hann svo að selja aftur til að verða sér úti um peninga til áfengiskaupa og annars þess, sem hann vanhagaði um, og

því valdi hann bækur, sem hann taldi auðseljanlegar. Bækurnar, sem hann fékk afhentar fyrr um daginn, fór hann með í fornbókaverslun á Hverfisgötu og seldi þær fyrir kr. 10.000, en hinar fór hann með í fornbókaverslun á Frakkastíg og seldi þær og fyrir kr. 10.000. Kassetturnar gaf hann. Peningunum eyddi hann svo til áfengiskaupa o. fl.

II.

Laugardagskvöldið 3. september 1978 kom ákærði í verslunina söluturninn Sólvallagötu 74, Reykjavík, og vildi hann fá að taka út tóbaksvörur o. fl. gegn greiðslu síðar. Afgreiðslustúlkan í versluninni vildi ekki lána honum væntanlega úttekt á vörum þessum. Ákærði tjáði stúlkunni þá, að hann væri starfsmaður hjá bókaforlaginu Iðunni, og gekk frekar eftir því við hana að fá vörurnar lánaðar. Hún hafði þá samband við innkaupastjóra verslunarinnar, sem heimilaði, að vöruúttektin yrði skrifuð hjá ákærða, og var það einkum vegna þess, að hann hafði ekki nema góða reynslu af viðskiptum við bókaforlagið. Ákærði tók svo út eina lengju af Winston vindlingum, greiddi kr. 1.200 í peningum, en fékk lánað kr. 2.500. Ákærði fór svo með lengjuna af Winston vindlingunum í söluturninn að Bræðraborgarstíg 29, Reykjavík, og gat selt þær þar fyrir kr. 4.700 með því að segja afgreiðslumanninum, að hann hefði keypt þær þarna í versluninni fyrr um daginn. Eftir þetta fór ákærði aftur í söluturninn að Sólvallagötu 74 og fékk keypta aðra lengju af Winston vindlingum, og laug hann því þá til, að hann hefði læst fyrri lengjuna inni í bókaforlaginu. Lengju þessa af Winston vindlingum náði ákærði að selja í Birkiturninum við Hringbraut með því að segjast hafa keypt hana í versluninni fyrr um daginn.

Kvöldið eftir kom ákærði enn í söluturninn Sólvallagötu 74 og vildi fá teknar út tóbaksvörur gegn greiðslu síðar. Við afgreiðslu í versluninni var þá innkaupastjóri hennar, Lilja Guðmundsdóttir, og vildi hún ekki í fyrstu leyfa ákærða úttektina á lánskjörum, einkum með hliðsjón af því, að henni þótti reikningur ákærða vegna úttektarinnar kvöldið áður vera orðinn nokkuð hár. Ákærði tjáði henni þá, að hann væri ásamt fleirum að vinna þetta kvöld við hljómplötuupptöku í bókaforlaginu Iðunni á nýrri hljómplötu með Megasi, og lofaði hann jafnframt að greiða úttektina kl. 1300 næsta dag. Ákærði fékk þá að taka út 1 lengju af Winston vindlingum, 1 lengju af Salem vindlingum, 1 pk af vindlingum og 1 Coca-Cola flösku, sem var skrifað hjá honum.

Winston lengjuna af vindlingunum gat hann talið afgreiðslumanninn í söluturninum Bræðraborgarstíg 29 á að kaupa á kr. 4.700, en honum gekk erfiðlega að selja Salem vindlingana, sem ekki eru jafn auðseljanlegir. Hann gat þó selt þá í söluturninum Kaplaskjólsvogi 1 með því að segja afgreiðslustúlkunni, að hann hefði keypt þá þar fyrr um daginn, en aðeins átt að kaupa einn pakka. Hún lét hann þá hafa einn pakka úr lengjunni, sem hún tók, og greiddi honum kr. 4.230 í peningum.

Ákærði var ekki starfsmaður bókaforlags Iðunnar né hafði hann verið við vinnu þar við hljómplötuupptöku greint sunnudagskvöld, og kvaðst hann hafa logið þessu til að fá lánstraust við úttekt tóbaksvaranna. Ákærði var, er hann tók út vörurnar, peningalaus og sá fram á, að hann gæti ekki greitt úttektina mánudaginn 4. september, eins og hann hafði lofað, og því hafði hann gefið upp sem símanúmer sitt 17337, en það númer hafði hann ekki, og kvaðst hann hafa gert það til þess, að ekki næðist til hans á þeim tíma, er honum bar að greiða.

Tilgangur hans með því að ná út þessum vörum var að afla sér peninga til áfengiskaupa með því að selja þær aftur, sem hann og gerði. Peningunum, sem hann fékk fyrir þær, eyddi hann til áfengiskaupa og greiðslu annarra veitinga á Hótel Loftleiðum.

III.

Niðurstöður.

Ljóst er, að ákærði með því að skýra rangt frá um eigin hag í sambandi við vöruúttektirnar, svo sem er lýst í lið I og II, kom því til leiðar, að honum voru þær afhentar á lánskjörum, og leyndi því jafnframt, að honum mundi ókleift að greiða vörurnar á umsömdum tíma. Þá hagnýtti hann sér vörurnar til að afla sér reiðufjár til eyðslu í eigin þágu.

Með verknuðum þessum hefur ákærði gerst sekur um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga.

Eftirtaldir aðiljar hafa gert kröfu til skaðabóta:

1. Bókaforlagið Iðunn, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, kr. 63.300 ásamt dráttarvöxtum frá 13. júní 1978 til greiðsludags, 3% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði 7/9 '78 (sic).
2. Lilja Guðmundsdóttir, Digranesvegi 34, Kópavogi, vegna söluturnsins Sólvallagötu 74, Reykjavík kr. 17.590.

Ákærði hefur fallist á kröfur þessar, sem er í hóf stillt, og þyk-

ir mega taka þær til greina að öðru leyti en því, að dæmdir vextir verða miðaðir við venjulega innlánsvexti í lánastofnunum að viðbættum 1% ársvöxtum.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Árna Grétars Finnssonar, sem ákveðast kr. 100.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði greiði bókaforlaginu Iðunni, Bræðraborgarstíg 16, Reykjavík, kr. 63.300 ásamt 20% ársvöxtum frá 13. júní 1978 til 1. júní 1979, 23% frá þeim degi til 1. september 1979, 28% frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% frá þeim degi til greiðsludags og söluturninum Sólvallagötu 74, Reykjavík, kr. 17.590.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Árna Grétars Finnssonar, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1981.

Nr. 6/1978.

Ófeigur Pálsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Önnu Dóru Fanneyju Theodórsdóttur

(Hörður Einarsson hrl.).

Óvígð sambúð. Fjárskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 6. janúar 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. desember 1977. Krefst hann sýknu